

REGLUGERÐ

um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag rafræna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár.

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að tryggja að íbúar í sveitarfélögum geti við íbúakosningar, skv. 107. gr. sveitarstjórnarlaga, kosið í rafrænni atkvæðagreiðslu á netinu.

Tilgangurinn er einnig að prófa og innleiða rafræna kjörskrá og nýja tækni við íbúakosningar þar sem eðlilegar kröfur um leynd við kosningar, réttindi kjósenda og örugga framkvæmd kosninga eru uppfylltar.

Reglugerðin gildir um framkvæmd íbúakosninga í þeim sveitarfélögum þar sem ráðherra hefur heimilað að fram fari íbúakosning með rafrænum hætti og að kjörskrá vegna kosningarinnar verði rafræn, sbr. bráðabirgðaákvæði V í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari gilda eftirfarandi orðskýringar:

Íbúakosningakerfi: Hugbúnaður sem er notaður til að stjórna og framkvæma rafræna íbúakosningu og íbúakannanir. Íbúakosningakerfi skiptist í auðkenningarhluta, kosningahluta og afkóðunar- og talningarhluta.

Rafræn kjörskrá: Kjörskrá sem gerð er á rafrænan hátt samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Rafrænn kjörseðill: Kjörseðill sem kjósendur sjá í rafrænu viðmóti íbúakosningakerfis og ber með sér það málefni sem kosið er um.

Rafræn íbúakosning: Kosning þar sem einungis er kosið með rafrænni atkvæðagreiðslu á netinu.

Auðkenning: Aðferð sem beitt er til að staðfesta auðkenni kjósenda.

Dulkóðun: Aðferð sem gerir upplýsingar ólæsilegar þannig að þær verði aðeins læsilegar þeim sem hefur aðgang að afkóðunarlykli.

Afkóðun: Aðferð við að gera dulkóðaðar upplýsingar læsilegar með því að nota til þess gerðan afkóðunarlykil.

Íslykill: Veflykill, notaður á netinu til auðkenningar, gefinn út af Þjóðskrá Íslands.

Rafræn skilríki: Skilríki sem notuð eru á netinu til auðkenningar, undirritunar og dulritunar.

3. gr.

Undirbúningur íbúakosninga.

Þegar sveitarstjórn hefur ákveðið að halda íbúakosningar samkvæmt 1. mgr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga er henni heimilt að óska eftir því við ráðherra að íbúakosningin fari eingöngu fram með rafrænum hætti og að kjörskrá vegna kosninganna verði á rafrænu forni.

Ráðherra skal svara beiðni sveitarfélags samkvæmt 1. mgr. innan 2 vikna frá því hún er lögð fram. Í beiðni sveitarfélags skulu koma fram upplýsingar um það efni sem kjósa skal um, hvort atkvæðagreiðslu sé ætlað að vera bindandi og hvort óskað sé eftir því að miða kosningaaldur við 16 ár, sbr. 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis V í sveitarstjórnarlögum. Verði ráðherra við beiðni sveitarfélags samkvæmt 1. mgr. skal fylgja ákvæðum sveitarstjórnarlaga um íbúakosningar eftir því sem við getur átt við auglýsingu og undirbúning rafræna íbúakosninga.

Hafni ráðherra beiðni sveitarfélags samkvæmt 1. mgr. er sú ákvörðun hans endanleg. Við mat ráðherra skal hafa tilgang reglugerðar þessarar að leiðarljósi sem er að styðja við framkvæmd rafræns lýðræðis í sveitarfélögum. Ákvörðun ráðherra skal rökstudd.

4. gr.

Hlutverk Þjóðskrár Íslands.

Þjóðskrá Íslands skal gera rafræna kjörskrá í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Þjóðskrá Íslands skal á gildistíma þessarar reglugerðar þróa og reka íbúakosningakerfi sem nota skal við rafrænar íbúakosningar sveitarfélaga.

Þjóðskrá Íslands skal hafa yfirumsjón með framkvæmd rafrænna íbúakosninga, meðal annars auðkenningu kjósanda, staðfestingu á kosningarbærni einstaklinga, rekstri vettvangs fyrir íbúakosningakerfi, talningu atkvæða og samantekt niðurstaðna kosninga.

5. gr.

Hlutverk ráðgjafanefndar um framkvæmd rafrænna íbúakosninga.

Ráðgjafanefnd um framkvæmd rafrænna íbúakosninga skal fylgjast með framkvæmd íbúakosninga.

Markmið með störfum nefndarinnar er meðal annars að draga lærdóm af þeim tilraunaverkefnum sem um ræðir og gera tillögur um atriði sem betur megi fara. Tilgangurinn er að efla vitund almennings og stjórnsýslunnar um hagræði og öryggi rafrænna kosninga og búa í haginn fyrir rafræna framkvæmd almennra kosninga.

Ráðgjafanefnd um framkvæmd íbúakosninga skal staðfesta val Þjóðskrár Íslands á íbúakosningakerfi.

6. gr.

Hlutverk kjörstjórnar.

Kjörstjórn sveitarfélags er skipuð samkvæmt 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna. Ein kjörstjórn skal starfa í hverju sveitarfélagi.

Hlutverk kjörstjórnar er að hafa eftirlit með framkvæmd íbúakosninga og koma að undirbúningi slíkra kosninga eins og mælt er fyrir í reglugerð þessari, s.s. varðandi útlit og gerð rafræns kjörseðils og afkóðun og talningu atkvæða.

Að öðru leyti gilda meginreglur V. kafla laga um kosningar til sveitarstjórna um skipan og hlutverk kjörstjórna eftir því sem við á.

7. gr.

Framkvæmd og fyrirkomulag.

Skilyrði til þátttöku í rafrænni íbúakosningu eru þau að nafn kjósanda sé á kjörskrá og að hann hafi auðkennt sig með fullnægjandi hætti áður en atkvæðagreiðsla fer fram.

Kjörstjórn og þeir sem hafa aðgang að íbúakosningakerfinu eða óviðkomandi aðilar eiga ekki að geta aflað sér vitneskju um hvernig kjósandi greiddi atkvæði eða getað breytt atkvæði hans án þess að það sjáist í kerfinu eða vart verði við það.

Rafræn íbúakosning skal standa eigi skemur en 4 sólarhringa en eigi lengur en 10 sólarhringa. Í auglýsingu sveitarfélags um kosninguna skal koma fram hvenær sólarhrings hún hefjist og hvenær henni ljúki.

8. gr.

Íbúakosningakerfið.

Íbúakosningakerfið skal vera í eigu ríkisins og í umsjón Þjóðskrár Íslands samkvæmt 14. gr. Vinnslunni í íbúakosningakerfinu má skipta í auðkenningarhluta, kosningarhluta og afkóðunar- og talningarhluta.

Í auðkenningarhluta er viðmót fyrir kjósanda þar sem hann er auðkenndur og staðfest að hann sé á kjörskrá.

Í kosningarhluta er viðmót fyrir kjósanda þar sem hann getur greitt atkvæði um það málefni sem íbúakosning lýtur að.

Í afkóðunar- og talningarhluta er viðmót fyrir úrvinnslu atkvæðagreiðslu, þ.e. talningu og tölfræðiúttekt. Þar er einnig vettvangur þar sem varanleg eyðing gagna fer fram.

Birta skal opinberlega upplýsingar um það hvernig íbúakosningakerfið virkar og hvernig eyðing gagna að loknum kosningum fer fram.

Halda skal atburðadagbók um vinnslu og notkun íbúakosningakerfisins.

9. gr.

Rafræn kjörskrá.

Þjóðskrá Íslands gefur út rafræna kjörskrá til afnota við rafrænar íbúakosningar samkvæmt heimild sveitarstjórnar eða fulltrúa hennar. Við ákvörðun á því hvort íbúi verði tekinn á kjörskrá skal miða við skráningu lögheimilis hans í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár 7 sólarhringum fyrir upphaf kosningar miðað við auglýsingu sveitarfélags samkvæmt 3. mgr. 7. gr.

Á kjörskrá skal taka þá íbúa sveitarfélagsins sem uppfylla skilyrði 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna. Hafi ráðherra heimilað að miða kosningaaldur við 16 ár, samkvæmt 5. mgr. bráða-birgðaákvæðis V í sveitarstjórnarlögum, skal ennfremur taka þá íbúa á kjörskrá sem eru 16 ára og eldri við lok kosningar, sbr. 3. mgr. 7. gr. Skal rafræn kjörskrá vera aðskilin frá kosningarhluta íbúakosningakerfisins og þar skulu koma fram upplýsingar um sveitarfélag, nafn kjósanda, lögheimili, kyn og kennitölu.

Sveitarfélag skal fá aðgengi að rafrænni kjörskrá 5 dögum áður en heimilt er að hefja kosningu. Þjóðskrá Íslands hefur heimild sveitarstjórnar til að gera leiðréttingar á kjörskrá samkvæmt 5. mgr. Á sama tíma getur kjósandi kannað á vefsetrinu island.is hvort hann sé á kjörskrá.

Óheimilt er að breyta kjörskrá vegna nýs lögheimilis nema flutningur í eða úr sveitarfélaginu hafi átt sér stað í síðasta lagi 7 sólarhringum áður en kosning hefst og tilkynning um nýtt lögheimili hafi borist Þjóðskrá Íslands til skráningar fyrir þann tíma. Þjóðskrá Íslands er heimilt að leiðrétta kjörskrá þar til kosningu lýkur ef tilkynning berst um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eða eftir atvikum misst, íslenskt ríkisfang. Leiðréttingar á kjörskrá skulu tilkynntar viðkomandi sveitarstjórn og kjósanda ef við á.

10. gr.

Auðkenning og kosningarréttur kjósanda.

Áður en kjósandi getur greitt atkvæði í íbúakosningu skal hann auðkenna sig í íbúakosningakerfinu. Kosningarréttur er staðfestur með uppfléttingu í hinni rafrænu kjörskrá.

Við auðkenningu kjósanda skal nota innskráningarþjónustu island.is, rafræn skilríki eða að lágmarki styrktan Íslykil.

11. gr.

Hvernig kosning fer fram.

Eftir að auðkenning kjósanda hefur farið fram getur hann greitt rafrænt atkvæði í íbúakosningakerfinu.

Kjósandi skal greiða atkvæði sitt í einrúmi eða þannig að aðrir sjái ekki til.

Sveitarstjórn ákveður og tryggir hvar kjósandi geti greitt atkvæði á opinberum stöðum, þar sem til staðar er nauðsynlegur tækjabúnaður og hægt að veita tækniaðstoð. Kjörstjórn ber ábyrgð á því að kjósendum sé tryggt nægilegt næði til að greiða atkvæði á kjörstað svo aðrir sjái ekki til. Kjörstjórn skal tryggja að kjósandi geti nýtt sér heimild 63. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

12. gr.

Réttur til að kjósa að nýju.

Meðan kosning fer fram getur kjósandi sem áður hefur greitt atkvæði kosið að nýju. Hafi kjósandi kosið oft en einu sinni gildir síðast greidda atkvæðið.

13. gr.

Rafrænir kjörseðlar.

Kjörstjórnir skulu láta gera rafræna kjörseðla í íbúakosningakerfinu vegna þess málefnis sem kosið er um. Sveitarstjórn skal tryggja að það málefni sem borið er undir atkvæði í íbúakosningum samrýmist ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

Rafrænir kjörseðlar skulu þannig úr garði gerðir að kjósandi geti skilað atkvæði sínu auðu svo sjáist að hann hafi ekki tekið afstöðu til þess málefnis sem kosið er um.

Kjörstjórn skal fela Þjóðskrá Íslands að setja rafrænan kjörseðil í íbúakosningakerfið. Kjörstjórn skal staðfesta að kjörseðillinn sé rétt birtur í kerfinu.

14. gr.

Leynd við kosningu og öryggiskröfur.

Tryggja skal leynd við kosningu þannig að atkvæði kjósenda verði ekki rakið til hans. Auðkenni kjósenda skal aðgreint frá kosningarhluta íbúakosningakerfisins með því að auðkenningarhlutinn skilar dulkóðaðri kennitölu til kosningarhlutans. Þegar atkvæði hafa verið greidd eru þau dulkóðuð.

Áður en afkóðun atkvæða fer fram eru dulkóðaðar kennitölur sem tengdar eru atkvæðum bornar saman við dulkóðaðar, auðkenndar kennitölur samkvæmt auðkenningarhluta íbúakosningakerfisins til að sannreyna að þeir sem greiddu atkvæði hafi verið auðkenndir. Enn fremur skulu tengsl dulkóðaðra atkvæða og dulkóðaðra kennitalna rofin.

Þjóðskrá Íslands skal í samráði við ráðgjafarnefnd um framkvæmd rafrænna íbúakosninga fá óháðan aðila til að gera öryggisúttekt og tryggja öryggi meðan á framkvæmd stendur.

15. gr.

Afkóðun atkvæða.

Áður en talning atkvæða hefst skulu þau afkóðuð.

Fulltrúi í kjörstjórn og fulltrúi í ráðgjafarnefnd um framkvæmd rafrænna íbúakosninga skulu varðveita lykla sem notaðir eru við afkóðun atkvæða. Hvor um sig fær úthlutað hluta af lykli sem þarf að sameina með hluta hins til þess að afkóða atkvæði. Lykli skal úthlutað gegn framvísun skilríkja.

16. gr.

Talning atkvæða og meðferð gagna eftir kosningar.

Eftir afkóðun atkvæða skulu þau talin og niðurstöður atkvæðagreiðslunnar teknar saman í afkóðunar- og talningarhluta íbúakosningakerfisins.

Kjörstjórn skal sjá til þess að niðurstöður kosninga verði aðgengilegar almenningi. Þjóðskrá Íslands skal sjá til þess að öllum atkvæðum, dulkóðuðum og afkóðuðum, rafrænni kjörskrá og afkóðunarlyklum verði eytt úr íbúakosningakerfinu innan 4 vikna frá lokum kosningar. Þjóðskrá Íslands skal staðfesta við kjörstjórn að umræddum gögnum hafi verið eytt.

17. gr.

Gagnsæi og eftirlit.

Upplýsingar um tæknilega högun og framkvæmd íbúakosninganna skulu vera aðgengilegar almenningi á vefsetrinu island.is.

Á vefsetrinu skulu m.a koma fram upplýsingar um hvaða einstaklingar hafi aðgang að miðlægum innviðum, netþjónum og kjörgögnum fyrir hverjar íbúakosningar.

18. gr.

Frávik.

Ráðherra getur að tillögu ráðgjafarnefndar um framkvæmd rafrænna íbúakosninga heimilað frávik frá tæknilegri útfærslu, sem lýst er í þessari reglugerð, á grundvelli sambærilegra tæknilegra lausna sem kunna að verða til á gildistíma reglugerðarinnar.

19. gr.
Lagastoð.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt bráðabirgðaákvæði V í sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, sbr. 1. gr. laga, nr. 28/2013, öðlast gildi 1. júní 2013. Reglugerð þessi fellur úr gildi 31. maí 2018.

Innanríkisráðuneytinu, 26. apríl 2013.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 17. maí 2013